

Sp.

66. Tillaga til þingsályktunar

[61. mál]

um öflun lánsfjár til Hvalfjarðarvegar.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga möguleika á lántöku til að ljúka vegarlagningu fyrir Hvalfjörð og gera veginn hæfa undirstöðu undir varanlegt slitlag.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi þá tillögunni:

„Sá hluti Vesturlandsvegar, sem liggur fyrir Hvalfjörð, er (að undanskildum fjallvegi um Uxahryggi) eini tengiliður milli alls vegakerfis á Suður- og Suðvesturlandi annars vegar og Vestur-, Norður- og Austurlandi hins vegar. Á þessum vegi byggjast allar samgöngur á landi milli þriggja landsfjórðunga og Reykjavíkur ásamt Suðurlandi. Um þennan veg fara miklir farþega- og vöruflutningar, og fer sú umferð vaxandi ár frá ári. Auk þess er stöðugt verið að taka í umferð stærri og þyngri bifreiðar, sem þurfa betri og sterkari vegi.

Þrátt fyrir þetta er Hvalfjarðarvegur einn veikasti hlekkurinn í vegakerfinu umhverfis landið. Samkvæmt upplýsingum vegamálastjóra eru enn 20.5 km af veginum ólagðir, en notazt við ruddan og mjög ófullkominn veg. Er þetta sérstaklega bagalegt um vetur, þegar skriðuföll eru tíð og snjóþyngsli. Er þá slyshætta mjög mikil, en kostnaður við að halda veginum opnum gífurlegur.

Fjárveitingar til Hvalfjarðarvegar hafa verið mjög af skornum skammti, miðað við mikilvægi hans. Í fyrra var opnaður nýr kafli hjá Bjarteyjarsandi, og var að honum mikil bót. En við þá framkvæmd safnaðist skuld svo mikil, að fjárveiting líðandi árs rennur öll til greiðslu hennar. Eru því horfur á, að ekkert verði unnið við Hvalfjarðarveg fram yfir viðhald á þessu ári.

Búast má við, að leiðin fyrir Hvalfjörð styttest um 20—25% hvað aksturstíma snertir, þegar upphleyptur vegur kemur fyrir þá 20 km ruðninga, sem nú er notazt við. Rétt væri að athuga, hvort hugsanlegt er að stytta leiðina enn til muna, t. d. með brúargerð yfir fjörðinn í Þyrilsnes.

Sökum þess, hverjar fjárhagshorfur eru varðandi Hvalfjarðarveg, væri eðlilegt, að ríkisstjórnin aflaði nokkurs lánsfjár til að bæta þennan burðarás í vegakerfi landsins. Þyrfti að stefna að því að ljúka lagningu vegarins sem allra fyrst og gera hann allan þannig úr garði, að hann verði viðunanleg undirstaða fyrir varanlegt slitkerfi, t. d. með steinsteypu eða malbikun, strax og unnt er að ráðast í slíka framkvæmd.“